



Sjálfsmat 2024-2025

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Ábyrgðaraðili:
Lena Hrönn Marteinsdóttir
Námsráðgjafi
Grunnskóla Hornafjarðar

Efnisyfirlit

Sjálfsmat veturinn 2024-2025	2
Árlegar kannanir og Skólapúlsinn	2
Árleg foreldrakönnun	3
Niðurstöður úr foreldrakönnun	3
Árleg nemendakönnun	6
Niðurstöður úr nemendakönnun í 2.-5. bekk	7
Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk	8
Opin svör	9
Árleg starfsmannakönnun	10
Niðurstöður starfsmannakönnunar	10
Lesferill – lesfimiþróf	14
Íslenska æskulýðsrannsóknin	14

Sjálfsmat veturinn 2024-2025

Samkvæmt 35. og 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat. Tilgangur með sjálfsmatinu er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat á þeim eru því lykill að því að gera góðan skóla betri.

Í þessari skýrslu eru birtar tölfræðilegar og myndrænar niðurstöður kannana skólaársins 2024-2025. **Næsta skólaár 2025-2026 mun sjálfsmatsteymið hefja vinnu vetrarins á því að rifja upp umbótaráætlun upp úr þeim könnunum sem lagðar voru fyrir síðastliðið ár auk þess sem nýjar kannanir verða lagðar fyrir.**

Í sjálfsmatsteymi skólans eru þrír starfsmenn, þ.m.t. einn fulltrúi stjórnenda. Hlutverk teymisins er að halda utan um og skipuleggja innra mat skólans.

Skólinn nýtir sér kannanir Skólapúlsins í sjálfsmati skólans og einbeitir sér að þeim niðurstöðum sem skólinn fær í gegnum Skólapúlsinn, nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir, og að gera umbótaáætlanir fyrir þá þætti sem þurfa þykir samkvæmt niðurstöðum.

Í þessari skýrslu er nánari útfærsla á niðurstöðum matsins sem byggt er á nemenda-, foreldra- og starfsmannakannana Skólapúlsins sem lagðar voru fyrir veturinn 2024-2025. Á skólaárinu voru einnig haldnir fundir þar sem sjálfsmatsteymið kynnti niðurstöður Skólapúls kannananna fyrir starfsfólki skólans auk þess sem teymið hittist reglulega til að rýna í niðurstöður kannananna.

Allir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar komu að sjálfsmati vetrarins, nema 1. bekkur. Nemendur í 2.-5. bekk svara stuttri könnun um ánægju af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum en nemendur í 6.-10. bekk svöruðu árlegri nemendakönnun.

Hluti foreldra kom að mati á skólastarfinu með þátttöku í árlegri foreldrakönnun Skólapúlsins.

Árlegar kannanir og Skólapúlsinn

Á hverju skólaári eru lagðar fyrir kannanir sem styðja við sjálfsmat skólans. Niðurstöður úr slíkum könnunum gefa góðar vísbendingar um skólastarfið. Þegar niðurstöður eru jákvæðar um skólastarfið styrkir það skólasamfélagið til áframhaldandi góðra verka. Þegar niðurstöður

draga fram veikleika í skólastarfinu er reynt að bregðast við með viðeigandi umbótum eins fljótt og auðið er. Það er því mikilvægt að ná til sem flestra þegar kemur að því að meta skólastarfið. Í Grunnskóla Hornafjarðar eru lagðar fyrir árlegar kannanir, fyrir nemendur, foreldra og starfsfólk skóla. Grunnskóli Hornafjarðar notast við sjálfsmatskannanir Skólapúlsins. Nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir voru lagðar fyrir með vefkerfi Skólapúlsins. Kannanir voru lagðar fyrir alla nemendur í 6.-10. bekk eins og fyrri ár. Nemendur í 2.-5. bekk svöruðu könnun Skólapúlsins sem mældi ánægju af lestri og líðan í skólanum. Foreldrar 102 barna tóku þátt í foreldrakönnun Skólapúlsins og allt starfsfólk skólans tók starfsmannakönnun Skólapúlsins. Vefkerfi Skólapúlsins hýsir bæði verkefni Skólapúlsins og Skólavogarinnar sem mörg sveitarfélög nýta þ.á.m. Sveitarfélagið Hornafjörður. Vefkerfið heldur m.a. utan um ýmsar upplýsingar tengdar rekstri skólans og skilar samanburði á viðhorfi nemenda, foreldra/forsjáraðila og kennara í skólum við aðra grunnskóla landsins í gegnum kannanir Skólapúlsins. Á heimasíðu grunnskólans er hægt að lesa skýrslur með niðurstöðum kannana Skólapúlsins <http://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/innra-mat/>

Umfjöllun um niðurstöður allra kannanna má sjá hér fyrir neðan.

Árleg foreldrakönnun

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir foreldra í febrúar 2025. Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr skólum af öllu landinu. Tekið var líkindaúrtak úr foreldrahópi alls skólans en samtals voru það foreldrar/forsjáraðilar 121 barna sem fengu boð um að taka þátt í könnuninni. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni í Grunnskóla Hornafjarðar var 84,3% en 102 foreldrar svöruðu könnuninni. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm hluta *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur*. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

Niðurstöður úr foreldrakönnun

Eftirfarandi eru niðurstöður úr foreldrakönnun vetrarins.

1. Nám og kennsla

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,8	98	-0,5	5,1	5.536	-0,3
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	90,0%	81/90	-0,7%	91,0%	4539/5036	-1,0%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	84,4%	81/96	-10,2%	80,7%	4315/5329	3,7%
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	52,3%	46/88	-18,2%	67,1%	3366/5072	-14,8%*

Þátturinn nám og kennsla hefur komið betur út. Ánægja foreldra með nám og kennslu dettur töluvert niður. Ánægja með stjórnun helst á landsmeðaltali. Hæfilegur agi í skólanum mælist nú aftur marktækt undir landsmeðaltali en aðeins 52,3% foreldra telja að í skólanum sé hæfilegur agi.

2. Velferð nemenda

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,8	89	0,1	4,8	5.015	0,0
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	91,1%	82/90	-5,5%	88,5%	4625/5228	2,6%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	91,7%	88/96	-4,0%	92,0%	5114/5563	-0,3%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	92,6%	88/95	-5,2%	91,1%	5043/5543	1,5%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	91,7%	88/96	-1,8%	90,1%	4965/5503	1,6%
2.6. Umfang eineltis á þessu skólaári að mati foreldra	8,2%	8/97	3,9%	9,0%	490/5398	-0,8%
2.7. Hlutfall eineltistilvika sem tilkynnt voru til skólans	83,3%	15/18	-7,6%	85,3%	823/953	-2,0%
2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	62,5%	10/16	2,5%	57,7%	502/844	4,8%
2.9. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	46,7%	7/15	-3,3%	56,2%	473/833	-9,5%
2.10. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	67,9%	36/53	-12,5%	77,1%	2216/2892	-9,2%
2.11. Meðaltímabil eineltis	1,8	17	0,3	1,5	949	0,3
2.12. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	18	-	-	-	-
2.13. Hlutfall foreldra sem vilja banna snjallsíma í grunnskólum	71,9%	69/96	30,4%	44,5%	2487/5557	27,4%*

Þátturinn velferð nemenda kemur ágætlega út og eru langflestir þættir í kringum landsmeðaltal. Helst er það hraði og úrvinnsla í eineltismálum og eineltisáætlunin sem

mælist rúmlega 9% undir landsmeðaltali. Tæplega 72% foreldra vilja banna snjallsíma en snjallsímabann tók gildi í skólanum sl. haust.

3. Aðstaða og þjónusta

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	4,8	97	-0,7	5,6	5.321	-0,8*
3.2. Ánægja foreldra með tómstundaþjónustu	4,0	68	-0,7	5,2	3.361	-1,2*
3.3. Hlutfall nemenda í tómstundaþjónustu/frístundaheimili	70,7%	70/99	8,1%	66,6%	3557/5285	4,1%
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómstundaþjónustu	-	28	-	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með matinn	67,4%	62/92	-6,4%	72,7%	3753/5045	-5,3%
3.6. Notkun á mat í skólanum	98,0%	96/98	6,5%	96,3%	5239/5418	1,7%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki matinn	-	-	-	-	-	-

Á þættinum aðstaða og þjónusta eru niðurstöður á þann veg að ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum mælist marktækt undir landsmeðaltali og einnig ánægja foreldra með tómstundaþjónustu. Mikið hefur verið rætt um aðstöðuleysi í Kátakoti og þá einnig á skólalóðinni. Aðrir þættir koma svipað út og gerist og gengur á landinu.

4. Foreldrasamstarf

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	6,0	92	0,6	4,7	5.134	1,3*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	55,3%	47/85	-14,9%	55,3%	2419/4265	0,0%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	61,3%	38/62	-16,6%	66,1%	2374/3542	-4,8%
4.4. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	96,9%	93/96	-0,9%	93,3%	4814/5154	3,6%
4.5. Málefni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	98	-	-	-	-
4.6. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	49,4%	44/89	-6,2%	53,6%	2414/4521	-4,2%
4.7. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	76,0%	57/75	-3,0%	87,4%	3486/4016	-11,4%*
4.8. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	73,6%	67/91	1,5%	77,4%	3870/4957	-3,8%
4.9. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	74,0%	71/96	-9,5%	70,4%	3825/5403	3,6%

Þátturinn foreldrasamstarf kemur þokkalega út, en frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi kemur út marktækt yfir landsmeðaltali. En mikilvægi þess að gera námsáætlun með

nemandanum að mati foreldra er marktækt undir landsmeðaltali. Aðrir þættir koma svipað út og gerist á landinu.

5. Heimastuðningur

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,7	96	0,0	4,9	5.303	-0,2
5.2. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	5,0	96	0,4	4,5	5.284	0,5*
5.3. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	80,6%	75/93	1,5%	73,3%	3750/5088	7,3%
5.4. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	44,7%	42/94	-1,5%	55,1%	2762/5052	-10,4%*
5.5. Væntingar foreldra um háskólanám	58,3%	42/72	-0,7%	76,9%	3136/4189	-18,6%*
5.6. Væntingar foreldra um iðnnám	34,7%	25/72	9,1%	13,6%	609/4189	21,1%*

Foreldrar eru svipað virkir í námi barna sinna og gerist og gengur en vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu mælist marktækt yfir landsmeðaltali. Foreldrar hér eyða marktækt minni tíma í að aðstoða börnin sín við heimanám og eins hafa foreldrar marktækt minni væntingar um að börn þeirra fari í háskólanám en aftur á móti hafa þau marktækt meiri væntingar um iðnnám.

Opin svör

Foreldrar eru beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að foreldrar eru ánægðir með kennara skólans og starfsfólk skólans og að þar sé faglegt starf.

Foreldrar eru einnig beðnir um að lýsa því hvað þeim þykir að betur megi fara í skólanum og þar lýsa nokkrir óánægju með matinn eða hlutum sem lúta að matsalnum eða matnum. Eins ber nokkuð á góma aðstoða í Kátakoti og á skólalóð við Hafnarskóla.

Umbótaáætlun

Undanfarna vetur höfum við verið að einbeita okkur að agamálum og upplýsingagjöf. Agamálin voru á uppleið en taka nú góða dífú niður á við og er stefnt á frekari vinnu hvað það varðar, bekkjarstjórnun verður tekin fastari tökum og kennarar munu notfæra sér verkfærakistu KVAN m.a.

Árleg nemendakönnun

Að þessu sinni var nemenda könnun á yngri bekkjum tekin í október í 2.-5. bekk. Ákveðið var hjá Skólapúlseinum að sleppa 1. bekk við Skólapúlsein. Svarhlutfall var 95%. Spurt er um ánægju nemenda af lestri, ánægju með skólann og líðan í skólanum.

Nemendakönnun Skólapúlsins fyrir nemendur í 6. – 10. bekk var lögð fyrir nemendur í október og apríl og þurfa allir nemendur í þessum bekkjum að taka þátt einu sinni yfir skólaárið. Svarhlutfallið var 92,2%. Skólinn fær niðurstöður með samanburði við landið í heild eftir hverja könnun og heildarniðurstöður yfir árið í byrjun júní. Nemendur eru spurðir um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi auk almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Niðurstöður úr nemendakönnun í 2.-5. bekk

Undanfarin ár hafa heildarniðurstöður í nemendakönnun yngri nemenda komið mjög vel út og verið yfir landsmeðaltali á flestum þáttum og flestum bekkjum. Niðurstöður eru alltaf kynntar kennurum á sameiginlegum fundi og eru því kennarar í öllum bekkjum meðvitaðir um niðurstöðurnar og fara yfir hvernig hægt er að bregðast við.

1. Ánægja af lestri

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri 2.b	4,9	21	-1,3	5,0	1.220	-0,1
1.2. Ánægja af lestri 3.b	5,6	25	0,0	5,2	1.201	0,4*
1.3. Ánægja af lestri 4.b	3,9	16	-1,5	4,7	1.204	-0,8
1.4. Ánægja af lestri 5.b	4,9	34	-0,2	4,5	1.295	0,4
1.5. Ánægja af lestri 2.-5.b	4,9	96	-0,6	4,8	4.932	0,1

2. Ánægja með skólann

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja með skólann 2.b	6,2	21	0,0	5,3	1.219	0,9*
2.2. Ánægja með skólann 3.b	6,1	25	1,1	5,3	1.200	0,8*
2.3. Ánægja með skólann 4.b	4,6	16	-1,6	5,0	1.207	-0,4
2.4. Ánægja með skólann 5.b	4,9	34	-0,6	4,8	1.295	0,1
2.5. Ánægja með skólann 2.-5.b	5,4	96	-0,4	5,1	4.933	0,3*

3. Velliðan í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Velliðan í skólanum 2.b	6,0	21	-0,6	5,3	1.218	0,7*
3.2. Velliðan í skólanum 3.b	6,9	25	2,4	5,5	1.204	1,4*
3.3. Velliðan í skólanum 4.b	3,6	16	-2,8	4,9	1.200	-1,3*
3.4. Velliðan í skólanum 5.b	4,8	34	-1,0	4,7	1.295	0,1
3.5. Velliðan í skólanum 2.-5.b	5,4	96	-0,6	5,1	4.929	0,3

Skólalúpsinn í 2-5. bekk hefur lengi komið mjög vel út og við mælst marktækt yfir á öllum heildarþáttum. Í ár er þó nokkur breyting á því. 3. bekkur mælist þó marktækt yfir meðaltali á öllum þremur þáttunum og 2. á tveimur þáttum af þremur. 4. bekkur mælist marktækt undir á þættinum vellíðan í skólanum og nokkuð vel undir á hinum tveimur. 5. bekkur er í kringum landsmeðaltal á öllum þáttum. Við mælumst marktækt yfir landsmeðaltali yfir heildina á þættinum ánægja með skólann og hinir heildarþættirnir rétt yfir landsmeðaltali.

Niðurstöður úr nemendakönnun í 6.-10. bekk

Niðurstöður í 6.-10. bekk gefa til kynna að nemendum í Grunnskóla Hornafjarðar líði almennt vel og koma þeir mjög vel út á yfirþættinum líðan og heilsa. Má þar helst nefna að nemendur mælast marktækt yfir landsmeðaltali á undirþættinum vellíðan. Tíðni eineltis mælist einnig marktækt undir landsmeðaltali. Hvað varðar skóla- og bekkjaranda þá eru flestir þættir þar í kringum meðaltalið og aðeins ofar. Þættir sem snúa að náminu koma einnig ágætlega út og eru þættir eins og ánægja af lestri, ánægja af stærðfræði, trú á eigin vinnubrögð í námi og þrautseigja í námi allir á landsmeðaltali.

Aftur á móti eru nokkrir þættir sem ekki koma nógu vel út eins og þrautseigja í námi og ánægja af náttúrufræði sem báðir mælast marktækt undir landsmeðaltali.

Eftirfarandi eru heildarniðurstöður úr nemendakönnun fyrir 6. – 10. bekk.

1. Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,1	100	-0,1	4,2	19.656	-0,1
1.2. Þrautseigja í námi	4,1	102	0,0	4,5	19.793	-0,4*
1.3. Áhugi á stærðfræði	4,5	102	0,0	4,5	20.045	0,0
1.4. Ánægja af náttúrufræði	3,3	102	-0,4	4,3	19.985	-1,0*
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,3	103	0,3	4,4	19.737	-0,1
1.6. Trú á eigin námsgetu	5,0	103	0,2	4,8	19.976	0,2
1.7. Hlutfall nemenda með snjallsíma	60,4%	61/101	-16,1%	78,9%	15071/19452	-18,5%*
1.8. Símanotkun á skólatíma	0,3 klst.	61	-0,6 klst.	0,5 klst.	15.018	-0,2 klst.*

2. Líðan og heilsa

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,4	103	0,3	4,4	19.654	0,0
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,5	103	0,1	4,3	19.581	0,2
2.3. Vellíðan	4,8	103	0,1	4,4	19.824	0,4*
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	19	-	-	-	-
2.5. Einelti	5,5	103	-0,2	5,7	19.768	-0,2
2.6. Tíðni eineltis	6,8%	7/103	-2,0%	15,8%	3177/19680	-9,0%*
2.7. Staðir eineltis	-	7	-	-	-	-
2.8. Í mataráskrift	85,3%	87/102	10,8%	89,2%	17614/19669	-3,9%
2.9. Oftast góður eða frekar góður matur	34,0%	32/94	0,3%	40,7%	7614/18591	-6,7%
2.10. Af hverju ertu ekki í mataráskrift	-	8	-	-	-	-
2.11. Ábendingar nemenda um matinn í skólanum	-	50	-	-	-	-

3. Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	5,0	103	0,5	4,8	19.453	0,2
3.2. Samband nemenda við kennara	4,8	103	0,2	4,8	19.648	0,0
3.3. Agi í tímum	4,9	102	0,1	4,8	19.629	0,1
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	4,8	101	0,1	4,8	19.500	0,0
3.5. Tíðni leiðsagnarmats	5,1	101	-0,2	4,8	19.529	0,3

Opin svör

Nemendur hafa tækifæri til að svara hvað þeim þykir gott við skólann og hvað þeim þykir að betur mætti fara. Mörgum þykja kennararnir góðir og gott að eiga vini í skólanum. Þau eru ánægð með að fá að fara í íþróttahúsið í frímínútum. Margir nefna einnig íþróttir og smíðjur.

Það sem nemendum þykir að betur mætti fara er eins og venjulega maturinn, einhverjir nefna að íþróttahúsið ætti alltaf að vera opið í frímínútum.

Umbótaáætlun

Náttúrufræði og þrautseigja.

Undanfarin ár fara starfsmenn yfir niðurstöður nemendakannana þegar þær liggja fyrir og greina hvað við getum gert betur og hvað gengur vel. Sl. ár höfum við verið að einbeita okkur að dugnaði og þrautseigju og trú á eigin getu sem virðist vera að dala í ár og því ákveðnar aðgerðir settar í gang hvað það varðar. Ánægja af náttúrufræði hefur verið á niðurleið og mælist nú marktækt undir landsmeðaltali og hefur nú þegar verið lagst í ákveðnar skipulagsbreytingar á náttúrufræðikennslu.

Kennarar hafa verið að vinna að innleiðingu leiðsagnarnáms sem mun vonandi bera árangur bæði hvað varðar áhuga á náttúrufræði og þrautseigju.

Árleg starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir starfsmenn í mars 2025. Skólinn fær heildarniðurstöður með samanburði við landið í heild í byrjun apríl. Allir starfsmenn skólans eru spurðir um: viðhorf til skólans, stjórnun, starfsþróun, jafnrétti/jafnræði, starfsanda, vinnuaðstöðu, álag og áreitni og einelti. Að auki eru starfsmenn sem stunda kennslu beðnir um að gefa upplýsingar um: stefnumótun, aðstæður til kennslu, kennsluhætti, bekkjarstjórnun, endurgjöf og námsmat. Hver efnisflokkur samanstendur af mismunandi matsþáttum.

Niðurstöður starfsmannakönnunar

Eftirfarandi eru niðurstöður úr starfsmannakönnun vetrarins.

1. Starfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
1.1. Vinnuálag	4,4	53	0,2	5,0	2.033	-0,6*
1.2. Skýrleiki hlutverks	4,6	52	-0,4	4,8	2.029	-0,2
1.3. Ágreiningur um hlutverk	5,2	53	0,2	5,1	2.032	0,1
1.4. Jákvæðar áskoranir í starfi	4,2	53	-0,9	5,0	2.031	-0,8*

Fram kemur að vinnuálag í Grunnskóla Hornafjarðar er marktækt undir landsmeðaltali. Aftur á móti telja starfsmenn sig skorta jákvæðar áskoranir í starfi en þátturinn mælist marktækt undir landsmeðaltali.

2. Starfsfólk

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
2.1. Leikni í starfi	4,8	52	-0,5	5,0	2.003	-0,2
2.2. Skuldbinding til vinnustaðarins	5,0	52	-0,4	5,1	2.002	-0,1
2.3. Skörun vinnu og einkalífs	5,0	52	0,4	5,2	2.000	-0,2
2.4. Ræktun mannauðs	4,9	50	0,1	5,3	1.945	-0,4*
2.5. Starfsmannasamtöl undanfarið ár	94,1%	48/51	0,2%	77,3%	1419/1835	16,8%*
2.6. Gagnsemi starfsmannasamtala	93,5%	43/46	1,0%	88,5%	1190/1345	5,0%

Á þættinum starfsfólk eru flestir þættir í kringum landsmeðaltal nema ræktun mannauðs sem er marktækt undir landsmeðaltali og starfsmannasamtöl undanfarið ár sem mælist marktækt yfir meðaltali.

3. Vinnustaðurinn

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
3.1. Starfsandi	5,0	52	-0,3	5,3	1.991	-0,3
3.2. Ánægja með vinnuaðstöðu	4,4	51	-0,3	4,8	1.923	-0,4
3.3. Styttung vinnuviku	54,1%	20/37	-36,1%	76,1%	1160/1525	-22,0%*
3.4. Ánægja með styttungu vinnuviku	5,0%	1/20	-30,1%	42,7%	494/1157	-37,7%*
3.5. Stuðningur frá samstarfsfólki	5,2	52	0,4	5,2	1.982	0,0
3.6. Stuðningur við nýsköpun	5,1	52	0,1	5,2	1.975	-0,1
3.7. Mismunur	4,8	52	0,5	4,7	1.978	0,1
3.8. Einelti (þú)	1,9%	1/52	1,9%	1,9%	38/1974	0,0%
3.9. Einelti (annar en þú)	3,8%	2/52	-6,6%	6,5%	127/1958	-2,7%
3.10. Einelti (séð 2 eða fleiri lagða í einelti)	1,9%	1/52	-0,2%	2,3%	46/1958	-0,4%
3.11. Kynferðisleg áreitni	0%	0/51	0,0%	1,0%	20/1976	-1,0%

Á flokknum vinnustaðurinn eru starfsandi og ánægja með vinnuaðstöðu á niðurleið en þó ekki marktækt undir. Aftur á móti hríðfellur ánægja með styttungu vinnuvikunnar en aðeins 5% starfsfólk er ánægt með hana. Aðrir þættir eru á landsmeðaltali.

4. Stjórnun

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur frá næsta yfirmanni	5,1	52	-0,5	5,3	1.928	-0,2
4.2. Sanngjörn forysta næsta yfirmanns	5,0	52	-0,5	5,4	1.917	-0,4
4.3. Valdeflandi forysta næsta yfirmanns	5,2	52	-0,1	5,2	1.911	0,0
4.4. Stuðningur frá öðrum yfirmanni	5,5	41	0,9	5,3	879	0,2
4.5. Sanngjörn forysta annars yfirmanns	5,6	41	1,2	5,3	875	0,3
4.6. Valdeflandi forysta annars yfirmanns	5,4	41	0,9	5,1	866	0,3

Á þættinum stjórnun er stuðningur og forysta næsta yfirmanns eru allir þættir í kringum landsmeðaltal nema sanngjörn forysta næsta yfirmanns sem mælist aðeins undir og er á nokkurri niðurleið eins og þátturinn stuðningur frá næsta yfirmanni.

5. Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
5.1. Ánægja með kennarastarfið	5,6	26	-0,1	5,2	1.165	0,4
5.2. Trú kennara skólans á eigin getu	5,4	25	0,4	5,1	1.146	0,3
5.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	4,3	25	-0,2	5,2	993	-0,9*
5.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	34,5 mín	20	0,6 mín	40,3 mín	1.009	-5,8 mín
5.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	80,8%	21/26	1,5%	62,2%	732/1176	18,6%*
5.6. Öllum bekknum kennt í einu	36,0%	9/25	0,3%	48,4%	531/1096	-12,4%
5.7. Hópavinna í bekk	32,0%	8/25	12,8%	36,5%	378/1037	-4,5%
5.8. Einstaklingsvinna í bekk	32,0%	8/25	5,1%	31,5%	350/1111	0,5%
5.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	73,9%	17/23	10,9%	55,5%	625/1126	18,4%*
5.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	8,3%	2/24	0,9%	14,7%	155/1055	-6,4%
5.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	69,2%	18/26	1,3%	75,8%	870/1147	-6,7%

Kennarar í Grunnskóla Hornafjarðar eru ánægðari með kennarastarfið en aðrir kennarar. Hvað varðar upplýsingamiðlun til foreldra þá er annars vegar um að ræða að kennarar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um námsárangur nemenda, og hins vegar tali við og/eða sendi upplýsingar til foreldra um hegðun og/eða líðan. En kennarar telja að þeir veiti minni upplýsingar en aðrir og mælist þátturinn marktækt undir landsmeðaltali. Einstaklingsmiðuð kennsla hækkar töluvert og mælist töluvert hátt yfir landsmeðaltali og það marktækt. Áhersla kennara á námsmat með prófum er enn töluvert minni en almennt gerist

og áhersla á námsmat með öðru en prófum er á landsmeðaltali. Kennarar hér áætla 6 mín styttri tíma í heimavinnu en almennt gerist.

6. Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
6.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	4,9	25	-1,0	5,0	1.017	-0,1
6.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	4,7	23	-0,5	5,2	1.004	-0,5
6.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	5,2	26	-0,1	5,4	1.136	-0,2
6.4. Samráð um kennslu	4,8	26	-0,7	5,4	1.093	-0,6
6.5. Samvinna um kennslu	5,0	22	-0,2	5,7	998	-0,7*

Í flokknum starfsumhverfi kennara eru allir þættir á töluverðri niðurleið og má þá fyrst nefna stuðning við kennara vegna nemenda með námserfiðleika, samráð um kennslu, stuðningur við kennara vegna hegðunarörðuleika og samvinna um kennslu sem mælist marktækt undir landsmeðaltali.

7. Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir ↑↓	Niðurstaða	N	Breyting	Landið	N	Mismunur
7.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	61,5%	16/26	29,4%	53,1%	597/1125	8,4%
7.2. Símenntunarpörf kennara	5,3	26	-0,1	5,3	1.126	0,0
7.3. Símenntunarpörf kennara (annað)	-	0	-	-	-	-
7.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	38,5%	10/26	-20,1%	44,0%	499/1134	-5,5%
7.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	25	-	-	-	-

Fjöldi daga í símenntun hækkar töluvert frá síðasta ári, eða næstum 30%. Aðrir þættir koma svipað út og gerist og gengur.


Opin svör

Kennarar gátu lýst því yfir hvað þeim finnst sérstaklega gott við skólann og þar kom fram að við skólann starfar frábært starfsfólk og margir tala um góðan starfsanda, samvinnu og samheldni starfsfólks.

Einnig gátu kennarar lýst því yfir hvað þeim finnst betur megi fara í skólanum og má þar helst nefna aðstöðuna og agamál.

Lesferill – lesfimiþróf

Lesfimiþróf Menntamálastofnunar hafa verið lögð fyrir nemendur Grunnskóla Hornafjarðar frá upphafi, haustinu 2016, og var skólinn einn af skólum landsins sem tók þátt í fyrirlögnum þegar unnið var að stöðlun lesfimiþrófanna. Niðurstöður í maí 2025 má sjá á eftirfarandi mynd:



Eins og sjá má á myndinni þá fylgja nemendur grunnskólans að mestu leyti landsmeðaltali en 4. bekkur mælist töluvert undir á meðan 6. mælist töluvert yfir.

Íslenska æskulýðsrannsóknin

Íslenska æskulýðsrannsóknin var framkvæmd í Grunnskóla Hornafjarðar þann 12. febrúar 2025 og tóku 157 nemendur þátt úr 4. -10. bekk. Niðurstöðurnar eru snerta á mörgum þáttum sem ekki verður farið í að tíunda hér en á eftirfarandi hlekk má finna niðurstöður GH: [Grunnskoli-Hornafjardar-2025.pdf](#)